

**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

skipulag@skipulag.isthordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is**Klofningsvegur (590) í Dalabyggð, milli Vestfjarðavegar og Kýrunnarstaða.
Svar við umsögn Fiskistofu.**

Vegagerðin hefur mótttekið umsögn Fiskistofu, dags. 12. júní 2023, vegna könnunar á matsskyldu endurbyggingar Klofningsvegar (590) milli Vestfjarðavegar og Kýrunnarstaða í Dalabyggð.

Í umsögninni bendir Fiskistofa á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Mögulega þarf að skilyrða leyfi tilteknu tímabili svo forðast megi neikvæð áhrif á lífríki eða veiðihagsmuni

Vegagerðinni er vel kunnugt um þetta, eins og fram kemur í kafla 1.8. um lög og leyfisveitendur í kynningarskýrslunni.

Samráðs- og framkvæmdaleyfisferli við Fiskistofu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar er þegar hafið.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sóley Jónasdóttir

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Klofningsvegur (590-01), Vestfjarðavegur - Kýrunnarstaðir. Svar við umsögn Umhverfisstofnunar

Vegagerðin hefur mótttekið umsögn Umhverfisstofnunar dags. 30. maí 2023.

Í umsögn segir m.a.:

„Gert er ráð fyrir að einungis þurfi að sækja efni í tvær námur og þarf leyfi Hafrannsóknarstofnunar til efnistöku úr áreyrum Hvammsár eða Laxár sem tilgreindir eru í greinargerð. Farið er um vatnsverndarsvæði tveggja bæja. Til er verklagsregla hjá Vegagerðinni um framkvæmdir á slíkum svæðum sem ætti að hafa til hliðsjónar.

Hér er um fremur litla framkvæmd að ræða og telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér ef staðið verði að framkvæmdinni eins og henni er lýst í greinargerð. Til að svo megi verða þarf að leggja áherslu á að við hönnun vegarins verði útlit skeringa ekki látnar ráðast af stöðluðu útliti sem massaforrit Vegagerðarinnar skilar af sér. Útlit skeringa þarna tekur alls ekki tillit til landhalla og landforma og þarf að gera grein fyrir að þarna sé ekki um endanlegt útlit skeringa að ræða í gögnum. Leggja þarf ríka áherslu á að ekki verði farið í námur við Krosshólaborgir og gjarnan mætti ganga betur frá námum við Borgirnar í tengslum við framkvæmdina og um leið hætta allri efnistöku þarna. Vísað ætti til frágangs á heimasíðunni námur.is“

Svar Vegagerðarinnar við umsögn:

Vegagerðin þakkar ábendinguna varðandi vatnsverndarsvæðið. Kröfur til verktaka verða settar í útboðslýsingu.

Einungis stendur til að taka efni úr áreyrum Hvammsár og í útvíkkuðum skeringum. Efnistaka er í fullu samráði við Hafrannsóknarstofnun og landeigendur. Ekki verður farið í efnistöku úr áreyrum Laxár né námu við Krosshólaborgir.

Varðandi útlit skeringa þá verður tilgreint í útboðsgögnum að í gögnum sé ekki um endanlegt útlit skeringa að ræða heldur verður reynt að skilja við frágang stærra skeringa líkt og gert var í samvinnu með Umhverfisstofnun á Djúpadalsleið. Þar var ónothæfu efni safnað saman í kverkar í skeringum og eftir því reynt að koma lífrænum jarðvegi yfir með grenndargróðri til að halda í staðargróður. Frágangur ræðst að miklu leyti af magni ónýtanlegs efnis í verkefninu.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Dagný Ósk Halldórsdóttir

Undirskrift

**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Klofningsvegur (590-01), Vestfjarðavegur - Kýrunnarstaðir. Svar við umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands

Vegagerðin hefur mótttekið umsögn Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags. 30. maí 2023. Í henni kemur eftirfarandi fram:

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gerir athugasemdir við að vegna nálægðar við vatnsverndarsvæði er lagt til að tæki verði lekaskoðuð þar sem vinna fer fram í nálægð við þau, líkt og unnið sé inn á vatnsverndarsvæðis.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin þakkar ábendinguna og mun gera kröfu um þetta í útboðsgögnum sínum.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bendir jafnframt á að námur eru starfsleyfisskyldar skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er steinmölun og framleiðsla á ofaniburði og fyllingarefnum (gr. 2.1.) og vinnsla jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám. Ekki ætti að vera heimilt að nýta námur sem hafa ekki „almennilega verið skilgreindar“ eins og segir í textanum. Aðeins ætti að nýta námur með starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti en bent er á að aðeins hefur verið sótt um örfá starfsleyfi fyrir námur á Vesturlandi og því mikið verk óunnið.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin fyrirhugar að taka efni úr útvíkkuðum skeringum og áreyrum Hvammsár. Ekki er um skilgreindar námur að ræða. Hvað Hvammsá varðar þá hafa landeigendur óskað eftir því við Vegagerðina að tekið verði efni úr áreyrunum. Áin er síbreytileg og farvegur hennar óstöðugur þar sem mikill framburður er af efni í ánni og mikið landbrot á sér stað og áin flæðir um bakka sína. Landeigendur hafa reynt að hemja ánnu með malargörðum. Eins hafa myndast áreyrar ofan brúar sem hefur orðið til þess að farvegurinn hefur hliðrast og flæðir að brúarstöpli og valdið skemmdum á honum. Vegagerðin hefur fengið jákvæða umsögn frá Hafrannsóknarstofnun vegna þessa og biður eftir leyfi frá Fiskistofu. Hafrannsóknarstofnun hefur unnið umsögn fyrir Vegagerðina með leiðbeiningum vegna efnistöku í áreyrum til að lágmarka áhrif framkvæmdanna á lífríkið í ánni.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Dagný Ósk Halldórsdóttir

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Súðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

skipulag@skipulag.isthordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is**Klofningsvegur (590) í Dalabyggð, milli Vestfjarðavegar og Kýrunnarstaða.
Svar við umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.**

Vegagerðin hefur mótttekið umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 25. maí 2023, vegna könnunar á matsskyldu endurbyggingar Klofningsvegar (590) milli Vestfjarðavegar og Kýrunnarstaða í Dalabyggð.

Í umsögninni kemur eftirfarandi fram:

...Skeringarnar munu valda raski á gróðurlendi, sums staðar lítt snortnu m.a. votlendi að hluta sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Æskilegt væri að skilgreina mótvægisáðgerðir svo sem endurheimt votlendis til að veða upp það votlendi sem raskast.

Þá er brýnt að forðast allt óþarfa rask á framkvæmdatíma og setja um það skýrar verklagsreglur...

Síða 1/2

Svar Vegagerðarinnar:

Í kynningarskýrslu, kafla 5.4 um verndarsvæði, kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd muni liggja meðfram tveimur votlendissvæðum sem eru vernduð samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013. Annars vegar í landi Skerðingsstaða og hins vegar í landi Skarfsstaða. Votlendissvæðið í landi Skerðingsstaða liggur utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis. Votlendissvæðið í landi Skarfsstaða er beggja vegna vegarins, þó það fjarri veginum ofan hans, að það verður ekki fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd. Votlendissvæðið neðan vegarins liggur nærri veginum en á því svæði er fyrirhuguð framkvæmd allsstaðar innan veghelgunarsvæðis vegarins, auk þess sem svæðinu hefur áður verið raskað með mannvirkjagerð, s.s. vegagerð, vegslóðum, girðingum og beit. Ekki er talið að endurbygging Klofningsvegar raski frekar votlendi utan þess svæðis sem áður hefur verið raskað. Því er ekki fyrirhugað að skilgreina áætlun um endurheimt votlendis vegna framkvæmdarinnar.

Allt rask utan skilgreinds framkvæmdasvæðis er stranglega bannað og eru skýrar verklagsreglur settar fram, og ítrekaðar, í útboðsgögnum varðandi það.

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

...Jákvætt er að horft verði til ráðgjafar og rannsókna Fiskistofu og Hafrannsóknarstofnunar til að skilgreina námusvæðin. Ef ráðgjöfin bendir til þess að svæðin henti illa er mikilvægt að huga að varaleiðum og þá ætti alltaf fyrst að horfa til efnistökusvæða sem eru þegar í notkun. Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að áreyrar geta einnig verið mikilvæg búsvæði fyrir fuglategundir m.a. á varptíma og taka þarf tillit til þess við skipulag efnistökkunnar. Þá ber að bæta rask á gróðri með uppgræðslu eins og við á og gæta þess að framandi ágengum plöntutegundum sé ekki dreift við tilflutning á efni...

Svar Vegagerðarinnar:


Vegagerðin hefur verið í samstarfi við Hafrannsóknastofnun og Fiskistofu síðan farið var að skoða umrædda efnistöku. Niðurstaða efnismála er sú að ekkert efni verður tekið úr Laxá en áreyrar Hvammsár verða nýttar og hefur áætlun um efnistöku og frágang verið unnin í samráði við ofangreindar stofnanir.

Efnistaka mun fara fram haustið 2023, eða utan varptíma fugla og öllum framkvæmdum á svæðinu við Hvammsá mun verða lokið fyrir varptíma fugla vorið 2024. Með því móti ættu áhrif framkvæmdarinnar á fugla á svæðinu að verða óveruleg.

Framkvæmdaleyfi Fiskistofu vegna efnistökkunnar liggur fyrir.

Virðingarfyllst
f.h. Vegagerðarinnar
Sóley Jónasdóttir

Undirskrift



**Skipulagsstofnun**

Borgartún 7b

105 Reykjavík

skipulag@skipulag.isthordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is**Klofningsvegur (590) í Dalabyggð, milli Vestfjarðavegar og Kýrunnarstaða**

Vegagerðin hefur mótttekið umsögn Landsnets, dags. 19. maí 2023, vegna endurbyggingar Klofningsvegar milli Vestfjarðavegar og Kýrunnarstaða.

Í umsögninni ítrekar Landsnet mikilvægi þess að samráð við Landsnet vegna framkvæmdarinnar sé haft tímanlega, ef taka þurfi mannvirki fyrirtækisins tímabundið úr rekstri.

Þá kemur fram mikilvægi þess að verktaki sé upplýstur um að ekki megi hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema fyrir liggi heimild frá fyrirtækinu.

Landsnet nefnir einnig að hugsanlegt sé að fyrirtækið skipi spennuvörð á verkstað á meðan framkvæmdum stendur, á kostnað framkvæmdaraðila.

Þá þarf að tryggja persónuöryggi á framkvæmdatíma sem og að framkvæmdin ógni ekki afhendingaröryggi rafmagns.

Svar Vegagerðarinnar:

Vegagerðin mun hafa samráð í tíma við Landsnet vegna framkvæmdarinnar.

Í útboðsgögnun verður ítrekað að ekki megi hefja vinnu innan helgunarsvæðis flutningsvirkis á svæðinu nema fyrir liggi heimild Landsnets. Í útboðsgögnum eru einnig kvaðir um persónuöryggi starfmannna á framkvæmdatíma.

Virðingarfyllt

f.h. Vegagerðarinnar

Sóley Jónasdóttir

Undirskrift

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is